

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar – mars 2007

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrsta ársfjórðung liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er breyting á handbæru fé frá rekstri jákvæð um 31,8 ma.kr. innan ársins, sem er 8,7 ma.kr. hagstæðari útkoma heldur en á sama tíma í fyrra. Þá er útkoman hægstæðari en gert var ráð fyrir í áætlun fjárlaga. Tekjur reyndust um 19,5 ma.kr. hærri en í fyrra á meðan gjöldin jukust um 10,8 ma.kr. Hreinn lánsfjárfjöfnuður er í jafnvægi, en var jákvæður um 20,6 ma.kr. á sama tíma í fyrra. Viðsnúningurinn skýrist að mestu leyti af 30,3 ma.kr. kaupum ríkissjóðs á hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun.

Lántökur námu 43,8 ma.kr. á móti 1,5 ma.kr. í fyrra. Þar munar mest um 26,9 ma.kr. lántöku vegna kaupa á Landsvirkjun. Þá var 1 ma.kr. greiddur til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs. Staða á sjóðs- og bankareikningum batnaði um 10,9 ma.kr. á fyrstu þremur mánuðunum.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar – mars 2007

	Í milljónum króna				
	2003	2004	2005	2006	2007
Innheimtar tekjur	68.337	64.635	79.449	99.707	119.201
Greidd gjöld	61.957	65.039	70.255	73.891	84.689
Tekjufjöfnuður	6.380	-404	9.194	25.816	34.513
Sóluhagnaður af hlutabr. og eignahlutum	-10.720	-	-	-	-
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	-3.595	-838	108	-2.730	-2.756
Handbært fé frá rekstri	-7.935	435	9.301	23.086	31.757
Fjármunahreyfingar	14.340	3.177	6.210	-2.529	-31.709
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	6.405	3.611	15.511	20.557	48
Afborganir lána	-4.953	-13.950	-11.404	-9.096	-31.916
Innanlands	-4.913	-57	-2.220	-9.096	-20.807
Erlendis	-40	-13.893	-9.184	-	-11.109
Greiðslur til LSR og LH	-1.875	-1.875	-850	-990	-990
Lánsfjárfjöfnuður, brúttó	-423	-12.214	3.257	10.471	-32.859
Lántökur	5.081	34.626	1.094	1.532	43.753
Innanlands	12.040	14.240	-3.831	1.532	39.362
Erlendis	-6.960	20.387	4.925	-	4.391
Breyting á handbæru fé	4.657	5.064	4.351	12.003	10.894

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á fyrsta fjórðungi ársins námu 119 ma.kr. Það er tæpum 20 ma.kr. meira en í fyrra eða 20% aukning tekna milli ára. Skatttekjur og tryggingargjöld námu 112 ma.kr. og jukust um 17 ma.kr. milli ára eða 14,7% að raunvirði (þá er tekjuskattur lögaðila í janúar 2006 leiðréttur fyrir tilfærslu eindaga yfir áramótin). Þar af námu skattar á tekjur og hagnað einstaklinga og lögaðila rúmum 49 ma.kr. og jukust um 22,3% að raunvirði milli ára. Tekjuskattur einstaklinga var 23 ma.kr., tekjuskattur lögaðila 5,4 ma.kr. og fjármagnstekjuskattur 21 ma.kr. Innheimta fjármagnstekjuskattsins fer að mestu leyti fram í

janúar ár hvert og þannig innheimtust 20 ma.kr. í janúar sl. en í marsmánuði aðeins 7 m.kr. Innheimta veltuskatta nam rúmum 48 ma.kr. eða tæpum fimmtungi hærrí fjárhæð en á sama tíma í fyrra, sem samsvarar 11% aukningu umfram verðbólgu. Allt síðasta ár hægðist jafnt og þétt á raunvexti veltuskatta en nú virðist mega merkja viðsnúning í þeirri þróun. Breyttar reglur um gjalddaga virðisaukaskatts (sem er um 2/3 veltuskattanna) hamla enn samanburði á skemmri tímabilum innan ársins, en sé horft á 4-6 mánaða meðaltöl hefur ekki orðið framhald á þeim raunsamdrætti milli ára sem var um tíma undir lok árs 2006.

Tekjur ríkissjóðs janúar – mars 2007

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2005	2006	2007	2005	2006	2007
Skatttekjur og tryggingagjöld	75 135	94 593	111 812	22,8	25,9	18,2
Skattar á tekjur og hagnað	29 299	41 004	49 294	23,3	40,0	20,2
Tekjuskattur einstaklinga	17 572	19 592	22 968	13,3	11,5	17,2
Tekjuskattur lögaðila	2 142	7 475	5 369	6,0	249,0	-28,2
Skattur á fjármagnstekjur	9 585	13 937	20 957	53,5	45,4	50,4
Eignarskattar	3 621	3 032	2 713	51,4	-16,3	-10,5
Skattar á vöru og þjónustu	33 760	40 683	48 276	20,7	20,5	18,7
Virðisaukaskattur	21 990	27 511	35 000	22,9	25,1	27,2
Vörugjöld af ökutækjum	2 027	2 677	1 809	77,7	32,1	-32,4
Vörugjöld af bensini	2 041	2 279	2 218	3,3	11,7	-2,7
Skattar á olíu	2 172	1 630	1 865	12,6	-24,9	14,4
Áfengisgjald og tóbaksgjald	2 368	2 491	2 592	8,2	5,2	4,1
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	3 162	4 095	4 792	11,5	29,5	17,0
Tollar og aðflutningsgjöld	673	854	1 387	6,2	26,9	62,4
Aðrir skattar	161	174	259	.	8,2	48,7
Tryggingagjöld	7 621	8 845	9 884	20,5	16,1	11,7
Fjárframlög	153	220	205	54,2	43,9	-6,7
Aðrar tekjur	4 092	4 877	6 683	22,5	19,2	37,0
Sala eigna	70	14	501	-	-	-
Tekjur alls	79 449	99 704	119 201	22,9	25,5	19,6

Greidd gjöld nema 84,7 milljörðum króna og hækka um 10,8 milljarða frá fyrra ári, eða um 14,6%. Mestu munar um 2,2 milljarða hækkun almannatrygginga og sama hækkun er hjá atvinnumálum. Hlutfallslega hækka greiðslur vegna atvinnumála þó mest milli ára, eða 26%. Þá hækka greiðslur til heilbrigðismála um tæpa 2 milljarða eins og greiðslur til almennrar opinberrar þjónustu. Tveir veigamestu málaflokkarnir, heilbrigðismál og almannatryggingar vege um helming af heildargjöldunum.

Gjöld ríkissjóðs janúar – mars 2007

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2005	2006	2007	2006	2007
Almenn opinber þjónusta	...	9 282	11 277	...	21,5
Þar af vaxtagreiðslur	3 698	2 524	3 368	-31,8	33,5
Varnarmál	...	166	133	...	-19,9
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	...	3 223	3 707	...	15,0
Efnahags- og atvinnumál	...	8 667	10 885	...	25,6
Umhverfisvernd	...	655	829	...	26,6
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	...	107	112	...	4,7
Heilbrigðismál	...	19 626	21 603	...	10,1
Menningar-, íþróttá- og trúmál	...	3 714	4 329	...	16,6
Menntamál	...	9 638	10 378	...	7,7
Almannatryggingar og velferðarmál	...	17 318	19 554	...	12,9
Óregluleg útgjöld	...	1 493	1 882	...	26,1
Gjöld alls	70 255	73 891	84 689	5,2	14,6